



Reglugerð um ferðastyrki vegna ferða erlendis

Markmið styrkjanna er að koma til móts við kostnað íþróttafélaga innan ÍBR eða félagsmanna þeirra, 13 ára og eldri, vegna keppnisferða erlendis.

Heimilt er að styrkja ferðir á Heimsmeistaramót, Heimsbikarkeppni, Evrópumeistaramót, Norðulandameistaramót, Alþjóðleg mót landsliða, opinbera landsleiki, landskeppni og önnur þau mót sem stjórn ÍBR hefur samþykkt. Framkvæmdastjórn ÍBR er heimilt að styrkja ferðir Reykjavíkurborgar unglingsliða sem farnar eru á vegum sérráða.

Stjórn ÍBR er heimilt að meta styrkhæfni þeirra ferða sem á einhvern hátt eru styrktar af sérsambandi, ÍSÍ, Evrópusambandi eða alþjóðasambandi. Ferðir öldungaliða eða trimmflokka eru ekki styrkhæfar.

Ferðir á alþjóðleg stigamót í einstaklingsgreinum verða aðeins styrkhæfar séu þátttakendur á meðal 3 efstu á landsvísu (styrkleikalisti/úrslit móta). Hver einstaklingur á aðeins rétt á að fá styrk vegna 3 ferða á ári. Meta skal sérstaklega óskir um styrki umfram það.

Upphæð ferðastyrkja tekur mið af árlegu framlagi Reykjavíkurborgar. ÍBR ákveður viðmiðunargjald sem er föst tala, hvert sem ferðast er. Styrkurinn greiðist viðkomandi íþróttafélagi.

Sækja skal um styrk áður en ferð er farin. Umsókn skal fylgja fjárhagsáætlun. Við uppgjör þarf að leggja fram ljósrít af greiddum fargjaldareikningum eða flugmiðum frá Íslandi til keppnisstaðar.

Verði félag/deild uppvíst að því að gefa rangar upplýsingar um ferðir getur stjórn ÍBR svipt viðkomandi aðila öllum styrkjum (húsaleigu- og ferðastyrkir) í 1-3 ár.

Samþykkt á fundi stjórnar ÍBR þann 8. ágúst 2001.



Reglugerð um ferðastyrki vegna Evrópukeppna og Norðurlandamóta félagsliða

Íþróttabandalag Reykjavíkur veitir ferðastyrki til aðildarfélaganna sinna vegna þátttöku í Evrópukeppnum og Norðurlandamótum félagsliða í meistarflokki enda hafi þau áunnið sér beina þátttökuaðild með úrslitum í Íslandsmóti eða Bikarkeppni sérsambands. Undanskilin er þátttaka í keppnum þar sem þátttökulið njóta styrkja frá Evrópusamböndum.

Upphæð ferðastyrkja tekur mið af árlegu framlagi Reykjavíkurborgar. ÍBR ákveður viðmiðunargjald sem er föst upphæð, hvert sem ferðast er, fyrir hvern leikmann á leikskýrslu ásamt þjálfara og fararstjóra séu leikmenn fleiri en 4. Séu leikmenn færri en 4 er aðeins greitt fyrir annaðhvort þjálfara eða fararstjóra.

Séu báðir leikir leiknir í Reykjavík eða báðir erlendis fær félag 60% af viðmiðunargjaldi.

ÍBR áskilur sér rétt til að meta hverja einstaka keppni ef vafi leikur á styrkhæfni.

Sækja skal um styrk áður en ferð er farin. Umsókn skal fylgja fjárhagsáætlun. Við uppgjör þarf að leggja fram ljósrit af greiddum fargjaldareikningum eða flugmiðum frá Íslandi til keppnisstaðar.

Verði félag/deild uppvíst að því að gefa rangar upplýsingar um ferðir getur stjórn ÍBR svipt viðkomandi aðila öllum styrkjum (húsaleigu- og ferðastyrkir) í 1-3 ár.

Samþykkt á fundi stjórnar ÍBR þann 8. ágúst 2001